

Þingskjal 13b

Frávísunartillaga

– vegna tillögu um leikmanns- og sambandssamninga –

Tillagan hljóðar svona:

Á fundi sínum 11. október 2023 skipaði stjórn KSÍ vinnuhóp um staðalsamninga leikmanna og voru skipuð í hann fulltrúar frá KSÍ, ÍTF, Leikmannasamtökunum og nokkrum aðildarfélögum. Vinnuhópurinn hefur átt marga góða fundi og verið að vinna skipulega að því að endurskoða staðalsamninga leikmanna í heild með það að markmiði að skýra þá og styrkja í breiðu samstarfi.

Það er óheppilegt að fara að taka einstök atriði út úr endurskoðunni og vandséð að hægt sé að vinna áfram á þeim grunni.

Í ljósi þessa er lagt að að ályktunartillögu á þingskjali 13 verði vísað frá í heild sinni.

Jafnframt er bent á umsagnir nefnda KSÍ á efnislega annmarka á ályktunartillögunni

Um annmarka á tillögu er helst getið í umsögnum fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ og samninga og félagaskiptanefndar KSÍ. Efni tillögu á þingskjali 13 er varhugavert af praktískum ástæðum og er tillagan til þess fallin að vera verulega íþyngjandi fyrir félög. Þá gerir tillagan ráð fyrir að samningsfrelsi verði takmarkað mjög verulega án þess að fyrir því séu knýjandi rök.

Sömuleiðis hefur verið á það bent af hálfu laga- og leikreglnanefndar KSÍ að ekki megi skylda leikmenn aðildarfélaga til félagsaðildar hjá þriðja aðila, sbr. t.d. 2. mgr. 74. stjórnarskrár (engan má skylda til aðildar að félagi). Hver og einn leikmaður fyrir sig hefur frjálsræði um aðild að félagi.

Breiðablik

FH

Valur

Víkingur